

Skrifborðsstólar fyrir vinnustaðinn

Upplýsingar um ábyrgð

10

FLINTAN, MARKUS, HATTEFJÄLL,
JÄRVFJÄLLET, ALEFJÄLL, LIDKULLEN,
LÄKTARE og LÅNGFJÄLL



Daglegt líf heima og í vinnunni gerir miklar kröfur til skrifborðs- og fundarstóla. Þessir skrifstofustólar hafa verið prófaðir fyrir notkun í atvinnuskyni og standast ströngustu kröfur okkar um gæði og öryggi sem fram koma í eftirfarandi stöðlum: EN 1335, ANSI/BIFMA X5.1 fyrir skrifborðsstóla; EN 16139, ANSI/BIFMA X5.1 fyrir fundarstóla.

Við bjóðum upp á 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á öllum hreyfanlegum hlutum og grind stólsins.

Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

10

Skrifstofustólarnir sem taldir eru upp í þessum bæklingi eru með 10 ára ábyrgð.

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Þessi ábyrgð nær til galla í efni og framleiðslu á eftirfarandi hlutum stólsins:

- Grind
- Hreyfanlegir hlutar

Hreyfanlegir hlutar eru hlutir með hreyfanlega eða stillanlega eiginleika. Ábyrgðin nær yfir þá eiginleika sem ætlaðir eru fyrir hluti sem tilheyra hjólum, gaspumpu, stillibúnaði, armbríkkum og hallabúnaði.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA.

Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavininn útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar, settar saman eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breytt eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga.

Ábyrgðin gildir ekki ef skrifstofustóllinn hefur verið hafður utandyra eða þar sem er raki, til dæmis inni á baðherbergi. Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Aukahlutir sem ekki hafa áhrif á grunnvirkni vörunnar eru ekki innifaldir í ábyrgðinni.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og nauðsynleg til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband í gegnum [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

